



HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS

Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
1.1	ÁRSSKÝRSLA 2019	2
1.2	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN	2
1.3	SKAMMSTAFANIR	2
2	HEILBRIGÐISNEFND	3
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR	4
3	STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2019	5
3.1	STARFSMENN	5
3.2	ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR	6
4	STARFSEMI HAUST 2019	7
4.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2019	8
4.2	EFTIRLIT ÁRSINS	8
4.3	SÝNATAKA	9
4.4	TÓBAKSSÖLULEYFI	10
4.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR	10
5	MATVÆLAEFTIRLIT 2019	12
5.1	NEYSLUVATN	12
5.2	NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU	14
5.3	MATVÆLAHÓPUR	14
6	HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2019	15
6.1	GISTISTAÐIR	16
6.2	BAÐVATN	16
6.3	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR	17
6.4	SKIPASKOÐANIR	18
7	MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2019	19
7.1	MENGUNARSLYS	19
7.2	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR	20
8	LOKAORÐ	21



1 INNGANGUR

1.1 ÁRSSKÝRSLA 2019

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2019. Skýrslunni er skipt niður í þrjú meginsvið, matvælasvið, hollustuháttasvið og mengunarvarnasvið. Ársskýrslan er eingöngu gefin út rafrænt og er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan ásamt fyrri ársskýrslum HAUST aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is.

1.2 STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa 8 sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Borgarfjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Djúpavogshreppur og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

1.3 SKAMMSTAFANIR

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	UAR



2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð á aðalfundi HAUST 2018:

Formaður:	Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Davíð Þór Sigurðsson, Fljótsdalshérað Gunnhildur Imsland, Hornafjörður Berglind Hasler, Djúpavogi (í leyfi) Aðalheiður Borgþórsdóttir, Seyðisfjörður
Fulltrúi atvinnurekenda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:	Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir Fjarðabyggð Benedikt Hlíðar Stefánsson, Fljótsdalshérað Kristján Sigurður Guðnason, Hornafjörður Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafjörður Sandra Konráðsdóttir, Vopnafjörður
F.h. atvinnurekenda:	Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað
F.h. náttúruverndarnefnda:	Helga Hrönn Melsteð, Fjarðabyggð

2.1 STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR

Heilbrigðisnefnd fundar að jafnaði sex sinnum á ári en fundir nefndarinnar voru óvenju margir á árinu 2019 eða átta talsins. Flestir fundir nefndarinnar eru símfundir enda langt á milli nefndarmanna. Nefndin hittist a.m.k. tvisvar sinnum árlega til að funda auk aðalfundar. Síðastliðið ár hittust nefndarmenn, ásamt starfsmönnum heilbrigðiseftirlits, á Seyðisfirði og á Hornafirði. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. var haldinn á Breiðdalsvík. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2019 voru sem hér segir:

24. janúar	3. september - Hornafirði
12. febrúar	15. október
26. mars	30. október – Aðalfundur Breiðdalsvík
14. maí - Seyðisfirði	12. desember
25. júní	



Mynd 1. Heilbrigðisnefnd samankomin á fundi á Seyðisfirði.

3 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2019

3.1 STARFSMENN

Í lok árs 2019 lét Helga Hreinsdóttir af störfum sem heilbrigðisfulltrúi en þeirri stöðu hafði hún sinnt frá því að hún lét af störfum sem framkvæmdastjóri HAUST í byrjun árs 2018. Helga gegndi stöðu framkvæmdastjóra HAUST í 23 ár og spannar starfsferill hennar 25 ár hjá HAUST. Leifur Þorkelsson sem sinnt hafði tímabundinni stöðu framkvæmdastjóra var ráðinn sem framkvæmdastjóri í byrjun árs 2019.

Tveir starfsmenn sinntu afleysingum á árinu, þær Ólöf Vilbergisdóttir og Elínborg Sædís Pálsdóttir. Að öðru leyti var starfsmannahald með hefðbundnum hætti.

Tafla 1. Starfsmenn HAUST á árinu 2019 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi
Borgþór Freysteinsson, BF mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.
Dröfn Svanbjörnsdóttir DS heilbrigðisverkfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi
Elínborg Sædís Pálsdóttir ESP M.Sc í líffræði	25% afleysing
Hákon Hansson, HIH dýralæknir og heilbrigðisfulltrúi	40% stöðugildi
Helga Hreinsdóttir HHr næringarfræðingur, kennari og heilbrigðisfulltrúi	80% stöðugildi
Ólöf Vilbergisdóttir ÓV M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun og B.Sc. í umhverfisfræðum og heilbrigðisfulltrúi	75% afleysing
Leifur Þorkelsson, LÞ sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi framkvæmdastjóri
Lára Guðmundsdóttir, LG M.Sc. í auðlindafræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi staðgengill framkvæmdastjóra

Starfsmannafundur var haldinn á Djúpavogi í maí. Þar var meðal annars lögð áhersla á að kynna eftirlitskerfið Ísleyf fyrir starfsmönnum. Kerfið er fengið frá MAST og HAUST hefur notað það um árabíl til að skrá eftirlit á matvælasviði. Undanfarið ár hefur HAUST gert prófanir með að aðlaga kerfið að eftirliti á hollustuháttasviði með ágætum árangri.

3.2 ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR

Yfirlit yfir helstu námskeið, ráðstefnur og fundir sem starfsmenn sóttu á árinu 2019 má sjá hér í töflunni fyrir neðan. Mánaðarlegir samráðsfundir heilbrigðisfulltrúa með Umhverfisstofnun og Matvælastofnun á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og matvæla koma ekki fram í töflunni. Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna hittast auk þess ca. einu sinni í mánuði á símfundi og eru þeir fundir ekki taldir upp.


Starfsmaður	Dagsetning	Fundur/námskeið
DS	10. janúar	Vinnufundur um skráningarskyld fyrirtæki
LP	15. janúar	Matvælahópur, Hafnarfirði
LP	23.-24. janúar	Matvælaráðstefna, Osló
Allir	7. mars	Starfsmannafundur, Djúpvaggi
LG	19.-21. mars	Sundlaugaráðstefna, Marseille
DS	9.-10. apríl	Vorfundur umhverfisgæðahóps, Suðurnes
LP	7.-8. maí	Vorfundur framkvæmdastjóra HES, Ísafirði
LG	26.-27. september	Haustfundur hollustuháttahóps, Grindavík
Allir	22.-23. október	Haustfundur SHÍ, Garðabæ



Mynd 2. Þátttakendur á sundlaugaráðstefnu í Marseille

4 STARFSEMI HAUST 2019

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli.




Mynd 3. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva flokkað niður eftir sviðum.

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæði HAUST var 1437 árið 2019. Litlar breytingar eru á fjölda fyrirtækja með starfsleyfi á starfssvæði HAUST milli ára. Tæplega helmingur allra eftirlitsskyldra starfsstöðva er á hollustuháttasviði en þeim fækkar þó lítillega á milli ára. Eftirlitsskyldum starfsstöðvum á mengunarvarnasviði fækkar einnig smávegis á milli ára. Fyrirtækjum á matvælasviði fjölga örlítið. Farið verður nánar yfir fjölda starfsstöðva eftir sviðum síðar í þessari skýrslu.

4.1 ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2019

Alls voru gefin út 203 starfsleyfi árið 2019, þar af 32 ný leyfi. Nýjum leyfum fækkar nokkuð á milli ára en endurnýjuðum leyfum fjölgaði.



Mynd 4. Útgefin starfsleyfi 2015-2019

Af 32 nýjum starfsleyfum sem gefin voru út á árinu voru 17 á hollustuháttasviði, þar af 8 vegna sölu á gistingu. Ný starfsleyfi á matvælasviði voru 11 og 4 á mengunarvarnasviði. Endurnýjuð starfsleyfi voru 64 á hollustuháttasviði, 46 á mengunarvarnasviði og 42 á matvælasviði.

4.2 EFTIRLIT ÁRSINS


Eftirlitsáætlun ársins 2019 gerði ráð fyrir að alls 824 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu í tengslum við reglubundið eftirlit. Heimsóttar voru 798 starfsstöðvar eða 97% sem er hærra hlutfall en undanfarin ár. Aðrar eftirlitsferðir urðu 128, flestar vegna sýnatöku og úttekta í tengslum við gerð starfsleyfis. Eftirlitsferðir ársins urðu því samtals 898 og má sjá skiptingu þeirra í töflu 2.

Tafla 2. Eftirlitsferðir ársins 2019

	Hollustuháttasvið	Matvælasvið	Mengunarvarnasvið	Alls
Á eftirlitsáætlun	331	308	185	824
Reglubundið eftirlit	328	298	172	798
Hlutfall heimsótt	99%	97%	93%	97%
<i>Aðrar eftirlitsferðir</i>				
Úttekt	19	12	5	36
Eftirfylgni	1	1	2	4
Kvörtun	0	1	0	1
Sýnatökuferðir	4	50	33	87
Eftirlitsferðir alls	352	362	212	898

4.3 SÝNATAKA


Á árinu 2019 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 339 sýni og sendi til rannsóknar. Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Algengustu sýnin sem tekin voru neysluvatnssýni líkt og áður. Auk þess er tekið talsvert af sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa og heilnæmi baðvatns. Á meðfylgjandi mynd sést yfirlit yfir fjölda og tegundir sýna sem tekin voru á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.



Mynd 5. Fjöldi sýna undanfarin 5 ár

4.4 TÓBAKSSÖLULEYFI

Alls höfðu 26 sölustaðir leyfi heilbrigðisnefndar til smásölu á tóbaki í árslok og hafa þeir ekki verið færri frá því að byrjað var að gefa tóbakssöluleyfin út. Ekkert nýtt leyfi var gefið út árinu en sjö leyfi voru endurnýjuð. Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í 4 ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Á meðfylgjandi mynd sést fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gilda leyfa á hverju ári.



Mynd 6. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi

4.5 KVARTANIR OG ÁBENDINGAR

HAUST heldur ítarlega skráningar yfir allar kvartanir og ábendingar sem berast stofnuninni. Skráð eru viðbrögð eftirlitsins við kvörtuninni og hvernig málið hafi verið afgreitt. Sé kvörtun alvarleg er heilbrigðisfulltrúi tafarlaust sendur á staðinn til að meta aðstæður.

Alls voru skráningar í kvartanaskrá HAUST 37 talsins á árinu, talsvert færri en síðastliðin tvö ár. Sem fyrr voru kvartanir og ábendingar sem bárust embættinu með fjölbreyttu sniði. Kvartað var undan ágangi hrafna og gæsa. Fastur líður er ábending vegna olíuleka úr skipinu El Grillo sem liggur á botni Seyðisfjarðar. Þó nokkur símtöl bárust eftir að íbúi á Seyðisfirði birti myndir af olíumengun í firðinum á facebook-síðu sinni. Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur þó ekki lögsögu í máli El Grillo, heldur er málið á forræði Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Kvartanir á matvælasviði eru oftast en ekki tengdar óþrifnaði og slæmri umgengni matvælafyrirtækja. Á því varð engin breyting í ár. Flestar kvartanir sem bárust í flokki mengunar og umhverfismála voru vegna lyktar frá iðnaði og lélegra loftgæða. HAUST berast iðulega kvartanir vegna mikils svifryks í jarðgöngum á Austurlandi þegar líður á vorið.

Nokkrar tilkynningar bárust HAUST vegna veggjalúsar á gististöðum í umdæminu. Venjulega hefur a.m.k. ein slík tilkynning borist ár hvert en ljóst er að veggjalús kom upp á a.m.k. þremur gististöðum

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

árið 2019 á starfssvæðinu. Í reglubundnu eftirliti heilbrigðisfulltrúa á gististöðum er meðal annars farið yfir hvernig þekkja skuli ummerki eftir veggjalús og hvernig bregðast eigi við komi veggjalús upp á gististaðnum. Heilt yfir eru rekstraraðilar vel meðvitaðir um hvernig bera skuli kennsl á veggjalús. Rekstraraðilar gististaða þar sem veggjalús hefur komið upp hafa í flestum tilfellum brugðist rétt við. Fáir rekstraraðilar gististaða tilkynna þó sjálfir til heilbrigðiseftirlitsins að veggjalús hafi komið upp. Brotalöm er einnig á tilkynningaskyldu meindýraeyða til heilbrigðiseftirlits þegar þeir sinna eyðingu á veggjalús.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

	2015	2016	2017	2018	2019
Matvæli	10	9	9	6	4
Mengun/umhverfismál	14	14	15	14	16
Hollustuhættir	6	18	13	13	3
Aðrar kvartanir			18	19	14
Alls	30	41	55	52	37



Mynd 7. Bustarfell í Vopnafirði

5 MATVÆLAEFTIRLIT 2019

Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 402 í árslok 2019 og fjölgar lítillega á milli ára. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2015	2016	2017	2018	2019
Stóreldhús	158	160	174	173	173
Vatnsveita	136	142	145	145	143
Smásalar	46	45	41	41	41
Framleiðsla og pökkun	38	36	30	31	36
Önnur matvælafyrirtæki	12	11	9	9	9
Alls	390	394	399	399	402

Eftirlitsáætlun HAUST gerir ráð fyrir að matvælafyrirtæki séu heimsótt árlega að jafnaði, þó að undanskildum litlum vatnsveitum, sem eru heimsóttar annað hvert ár. Árið 2019 fóru starfsmenn HAUST í 362 heimsóknir í starfsstöðvar á matvælasviði til eftirlits og sýnatöku.

5.1 NEYSLUVATN


Vatnsveitur með starfsleyfi frá HAUST voru 143 í árslok 2019, þar af 123 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri.

Eftirlit með vatnsveitum fer að mestu fram með sýnatöku, en einnig eru skoðuð vatnsverndarsvæði, einkum brunnsvæði vatnsbóla sem og gögn um innra eftirlit hjá stærri vatnsveitum og vatnshreinsibúnaður, sé hann fyrir hendi.


Sýni úr vatnsveitum eru tekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Úr vatnsveitum sem þjónusta færri en 150 íbúa er tekið sýni annað hvert ár að jafnaði. Úr stærri veitum eru tekin allt að 6 sýni á ári.



Mynd 8. Frá vatnsveitu á Stokksnesi




Af 81 sýni sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 78 vera í lagi, en 3 sýni reyndust hins vegar ófullnægjandi.



Af 79 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða færri reyndust 73 vera fullnægjandi eða 92% sem er talsvert hærra hlutfall en undanfarin ár.

5.2 NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU

Eins og undanfarin ár eru tekin sýni á öllum starfsstöðvum sem hafa leyfi til að selja ís úr vél og eru þau rannsökuð m.t.t. reglugerðar um örverufræðileg viðmið. Niðurstöður koma fram á meðfylgjandi mynd, ásamt samanburði við niðurstöður undanfarinna fimm ára.



Mynd 9. Niðurstöður sýnatöku af ís úr vél undanfarin fimm ár.

Af 13 sýnum sem tekin voru í reglubundnu eftirliti voru 12 metin fullnægjandi eða 92% sem er talsvert hærra hlutfall en árið 2018

Önnur matvælasýni sem tekin voru á árinu reyndust fullnægjandi, þar á meðal 4 sýni af rjómaþollum sem tekin voru á bolludaginn og eitt sýni af osti framleiddum á svæðinu

5.3 MATVÆLAHÓPUR

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipuleggur meðal annars sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti og fundaði fimm sinnum á árinu 2019. Fulltrúi HAUST í hópunum er Leifur Þorkelsson.

6 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2019

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 696 í árslok 2019. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Flokkur	2015	2016	2017	2018	2019
Sala á gistingu	273	322	344	321	310
Samkomustaðir	81	76	82	84	87
Skólar og menntastofnarnir	51	56	60	64	61
Íþróttastaða	54	54	55	57	60
Snyrtistofur	40	39	38	38	35
Heilbrigðisþjónusta	33	31	33	33	32
Leiksvæði	45	56	67	68	71
Hestaleigur	9	9	11	10	9
Annað	29	37	33	31	31
Alls	615	680	723	706	696

Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árin 2015- 2019.


Fyrirtækjum á hollustuháttasviði fækkar nú aftur eftir mikla fjölgun sem varð árin 2016 og 2017. Þau ár fjölgaði minni gististöðum allnokkuð sem leiddi til aukinna umsvifa á hollustuháttasviði. Að öðru leyti hafa ekki orðið stórkostlegar breytingar á fjölda fyrirtækja á sviði hollustuhátta með starfsleyfi hjá HAUST.



Mynd 10. Úr eftirliti með leiksvæðum

6.1 GISTISTAÐIR

Í lok árs 2019 voru 310 gististaðir með starfsleyfi á starfssvæði HAUST. Er það annað árið í röð sem þeim fækkar. Rekstraraðilar minni gististaða halda áfram að skila inn sínum starfsleyfum og skrá gististaðinn sem heimagistingu hjá sýslumanninum. Stærri gististöðum á starfssvæðinu heldur hins vegar áfram að fjölga lítið eitt á milli ára. Eins hafa stærri gististaðir verið stækka við sig og fjölga gistirýmum.



Mynd 11. Fjöldi gististaða með starfsleyfi á starfssvæði HAUST undanfarin fimm ár.


6.2 BAÐVATN

Eftirlit með sund- og baðstöðum er jafnan fyrirferðamikil yfir sumartímann. Sund- og baðstaðir eru velflestir komnir með fullkominn sjálfvirkan búnað sem stjórnar klórmagni og sýrustigi í laugunum. Rekstraraðilar hótela og gististaða hafa hægt og bítandi verið að auka þjónustu við sína gesti og hafa margir hverjir sett upp heilsulindir með heitum pottum.

Sund- og baðstöðum á starfssvæði HAUST fjölgaði um tvo á árinu líkt og árið 2018.

Heilbrigðisfulltrúar heimsækja árlega alla sund- og baðstaði á starfssvæðinu yfir sumartímann eða þegar álag á sundstöðunum er mest. Hluti af eftirliti heilbrigðisfulltrúa er sýnataka úr öllum laugarkerfum. Alls voru tekin 64 baðvatnssýni á árinu 2019 og stóðust 63 þeirra þær kröfur sem koma fram í reglugerð eða 98%. Eina baðvatnssýnið sem féll á árinu var tekið úr köldu kerri. Vinsældir kaldra kerja við sund og baðstaði hafa hvergi dvínað og hefur rekstraraðilum gengið betur að ábyrgjast heilnæmi vatnsins án þess að nota efni til sótthreinsunar. Komi upp sú staða að kalt ker stenst ekki þær gæðakröfur sem fram koma í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum hefur heilbrigðiseftirlit gert kröfu um að kerin séu þrifu oftari. Slíkar aðgerðir hafa augljóslega skilað tilætluðum árangri enda ástandið á köldu kerjunum mun betra árið 2019 þegar borið er saman við árið á undan.

Tvær laugar á starfssvæði HAUST falla nú undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni. Önnur þeirra fellur í 1. flokk en hin í 2. flokk. Öll sýni sem tekin voru í náttúrulegum stóðust sem fyrr þær kröfur sem fram koma í reglugerð um baðstaði í náttúrunni.



Mynd 12. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.

6.3 HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR

Vinnuhópur um hollustuhætti er samstarfshópur milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða en hvert heilbrigðiseftirlitssvæði á einn fulltrúa í hópnum. Hollustuháttahópurinn fundar alla jafna einu sinni í mánuði en tekur sér frí yfir sumarmánuðina.

Fulltrúar hittast auk þess árlega á tveggja daga vinnufundi og að þessu sinni var gestgjafinn Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Valin fyrirtæki á Suðurnesjum voru heimsótt fyrri daginn og síðari daginn var fundað í Grindavík.

Ákveðið var að fresta fyrirhuguðu eftirlitsverkefni um innra eftirlit á leikvöllum til ársins 2020 vegna mikillar vinnu hópsins við endurskoðun á starfsleyfiskilyrðum fyrirtækjaflokka á hollustuháttasviði. Sú endurskoðun hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir þegar hún hófst í upphafi árs 2017.

Eftirlitsverkefni árið 2018 einblíndi á opinberar sundlaugar. Markmið verkefnisins var að kanna stöðu ýmissa öryggisþátta, innra eftirlit og heilnæmi baðvatnsins á opinberum sundstöðum. Niðurstöður verkefnisins liggja ekki enn fyrir en verða birtar á heimasíðu Umhverfisstofnunar þegar þær að kemur.

Fulltrúi HAUST í hópnum er Lára Guðmundsdóttir.

6.4 SKIPASKOÐANIR

Í samræmi við kröfur í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni þurfa öll skip, sem eru í millilandasiglingum og koma að landi á Íslandi, að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. HAUST hefur á undanförnum árum skoðað skip og gefið út slík vottorð í kjölfarið.

Árið 2019 framkvæmdi HAUST tvær skipaskoðanir, aðra í Neskaupstað en hina í Mjóeyrarhöfn. Skipaskoðunum fækkaði nokkuð á milli ára en þær voru tíu árið áður.



Mynd 13. Heilbrigðisfulltrúi skiptir um dekk á Vatnsskarði.

7 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2019

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2019 voru 339 starfsstöðvar sem falla undir mengunarvarnaeftirlit. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár. Vert er að taka fram að inni í þessum tölum eru starfsstöðvar sem HAUST hefur eftirlit með skv. samningi við Umhverfisstofnun.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnasviði.

Flokkur	2015	2016	2017	2018	2019
Þjónusta við bíla og tæki	128	124	123	124	119
Meðferð úrgangs	83	79	84	82	80
Matvælavinnsla	42	38	43	43	40
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	27	26	27	28	28
Jarðefnavinnsla	17	16	15	16	13
Þauleldi	7	7	7	4	1
Trésmíðaverkstæði	14	14	14	14	13
Verslanir og vörugeymslur	4	4	5	5	6
Þvottahús og efnalaugar	7	9	9	11	12
Annað	30	30	31	31	27
Alls:	359	347	358	358	339

Starfsstöðvum á mengunarvarnasviði hefur fækkað nokkuð á undanförunum árum. Engin loðdýrabú eru lengur á starfssvæði HAUST og eftirlit með öllu fiskeldi var flutt frá sveitarfélögum og heilbrigðisnefndum þeirra til ríkisstofnana fyrir nokkrum árum.

Á árinu 2019 fóru starfsmenn HAUST í 212 ferðir í starfsstöðvar á mengunarvarnasviði til eftirlits og sýnatöku.

7.1 MENGUNARSLYS

HAUST kom að einu mengunaróhappi haustið 2019.

Mánudaginn 30. september uppgötvaðist olíuleki við varaafstöð RARIK á Borgarfirði eystra. Leiðsla á olíutanki fyrir utan varaafstöðina lak og áætlað var að úr henni hefðu lekið um 16 tonn. Málið var hið furðulegasta þar sem ekki var hægt að greina mikla olíu í jarðveginum en olíugeymirinn var svo gott sem tómur.

Föstudaginn 4. október kom í ljós að olía hafði komist í rotþró í eigu sveitarfélagsins á Borgarfirði eystra og þótti líklegt að um væri að ræða olíuna úr birgðatankinum við varaafstöð RARIK. Talið er að olían úr tankinum hafi lekið í drenlögn og þaðan í rotþróna.

Olíudreifing fékk upplýsingar um málið og kölluðu þeir til verktakafyrirtækið Bólholt sem vann að því að fjarlægja eins mikið af olíunni og hægt var. Milli 8 og 9 þúsund lítrum var dælt upp úr þrónni og komið til Olíudreifingar á Eskifirði.

Mánudaginn 7. október var farið í að setja nýjan tvöfaldan olíugeymi við stöðina og meta magn jarðvegs sem væri olíumengaður ásamt því að skoða frágang drenlagna. Eldri olíugeymir var fjarlægður og menguðum jarðvegi komið til eyðingar.

7.2 UMHVERFISGÆÐAHÓPUR

Umhverfisgæðahópur er skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á landsvísi. Hópurinn fundar að meðaltali einu sinni í mánuði yfir vetrartímann en hittist auk þess árlega á tveggja daga vinnufundi. Í ár var vinnufundurinn haldinn í Svartsengi á Reykjanesi í apríl og skoðunarferð farin á Keflavíkurflugvöll þar sem verkstæði, fráveita og önnur starfsemi ISAVIA var skoðuð.

Vinna við að áhættumeta fyrirtæki er enn í vinnslu en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber eftirlitsaðilum að byggja tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu áhættumati á umhverfishættu viðkomandi starfsemi.

Áhersluverkefni hópsins 2018 voru að endurskoða samræmd starfsleyfisskilyrði, m.a. m.t.t. laga- og reglugerðabreytinga, kanna ástand fráveitumála sundlauga sem losa frárennsli sitt beint í ferskvatn, og ljúka við verkefni frá 2017 við upplýsingasöfnun um móttöku sveitarfélaga á spilliefnum, lyfjum, veiðarfærum og raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Skýrsla vegna móttöku/söfnunar úrgangs hjá sveitarfélögum hefur verið birt á vef [Umhverfisstofnunar](#). Upplýsingasöfnun vegna fráveitumála sundlauga sem losa frárennsli sitt í ferskvatn er lokið en skýrsla með niðurstöðum liggur enn ekki fyrir.

Áhersluverkefni hópsins 2019 voru að ljúka við endurskoðun starfsleyfisskilyrða fyrir mengandi starfsemi og að kortleggja og meta ástand olíugeyma við hafnir.

Vegna breytinga á viðaukum í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og hugsanlegrar skráningarreglugerðar hefur vinna starfsleyfisskilyrða að miklu leyti verið sett í bið. Kortlagning olíugeyma við hafnir er langt komin en ákvörðun var tekin um að útvíkka verkefnið og kortleggja einnig neyslu-, lausa- og húsageyma hjá fyrirtækjum og verktökum. Verkefnið verður því eitt af áhersluverkefnum hópsins árið 2020.

Fulltrúi HAUST í hópnum er Dröfn Svanbjörnsdóttir.



Mynd 17 og 18. Umhverfisgæðahópur í skoðunarferð á Keflavíkurflugvelli.

8 LOKAORÐ

Árið 2019 var að mörgu leyti ár breytinga hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Helga Hreinsdóttir lét af störfum í lok október eftir rúmlega 25 ára starf sem heilbrigðisfulltrúi og framkvæmdastjóri HAUST. Þá lét Hákon Hansson af störfum í árslok en Hákon hóf störf sem heilbrigðisfulltrúi hjá HAUST í ársbyrjun 1999. Þeim Helgu og Hákonu eru færðar þakkir fyrir störf sín í þágu heilbrigðiseftirlits á Austurlandi. Leifur Þorkelsson var ráðinn framkvæmdastjóri í stað Helgu frá og með 1. febrúar sl. en Leifur hefur unnið hjá HAUST síðan 2004 og verið staðgengill framkvæmdastjóra frá árinu 2009. Jafnframt var frá sama tíma gengið frá ráðningu Láru Guðmundsdóttur í stöðu staðgengils framkvæmdastjóra.

Samningur á milli UST og HAUST um framsal eftirlits með sorpurðun og fiskimjölsverksmiðjum rann út í árslok. Þrátt fyrir ríkan vilja hjá HAUST til að endurnýja samninginn var UST aðeins tilbúin til að endurnýja þann hluta samningsins er varðar fiskimjölsverksmiðjur. Eftirlit með sorpurðun á svæðinu verður því að óbreyttu framkvæmt af eftirlitsmönnum úr Reykjavík með tilheyrandi ferðalögum í stað þess að því sé sinnt úr nærumhverfinu eins og verið hefur.

Um skeið hafa verið í farvatninu breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum á grunni þeirra og á haustdögum komu tvö mál þessu tengd til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Annars vegar frumvarp um breytingu á viðaukum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og hins vegar drög að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur. Samtök íslenskra sveitarfélaga, samtök heilbrigðiseftirlitssvæða og aðrir sem til þekkja gagnrýndu bæði málin nokkuð harðlega. Hefðu bæði þessi mál náð fram að ganga í óbreyttri mynd hefði það haft í för með sér tilfærslu verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins og lagt var til að fjölmargir fyrirtækjaflokkar yrðu án opinbers eftirlits þrátt fyrir að í mörgum tilfellum væri um að ræða starfsemi sem getur haft í för með sér mikla mengunarhættu og krefst aðhalds og eftirlits. Þá er ónefnt að boðuð hagræðing og einföldun sem breytingarnar áttu að hafa í för með sér var einfaldlega ekki til staðar, eins og á var bent í umsögnunum.

Júlí 2020

Lára Guðm.

Lára Guðmundsdóttir
staðgengill frkv.stjóra

Leifur Þ

Leifur Þorkelsson
framkvæmdastjóri HAUST